

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. maí 2022

Mál nr. E-4037/2021:

**Eignarhaldsfélagið Skólalbrú 1 ehf.**

(Pétur Már Jónsson lögmaður)

**gegn**

**Kviku banka hf.**

(Stefán A. Svensson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 3. maí 2022, var höfðað 12. ágúst 2021 af Eignarhaldsfélaginu Skólalbrú 1 ehf., Hofsvallagötu 1, Reykjavík, á hendur Kviku banka hf., Katrínartúni 2, Reykjavík, til afhendingar fjármuna.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi afhendi honum fjármuni sem stefnandi hafi lagt inn á reikning stefnda og séu eign stefnanda, að fjárhæð 100.000.000 króna, auk 526.998 breskra punda, og dráttarvaxta frá þingfestingu málsins til afhendingardags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi endurgreiði stefnanda fjármuni að fjárhæð 100.000.000 króna, auk 526.998 breskra punda, sem stefnandi hafi afhent stefnda sem tryggingarfé, auk dráttarvaxta frá þingfestingu málsins til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar að mati dómsins.

## Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Mál þetta á rætur að rekja til yfirlýsingar sem gefin var út af Guðmundi A. Birgissyni þann 21. júlí 2008. Guðmundur var þá meðeigandi og stjórnarformaður stefnanda og sat jafnframt í stjórn verðbréfafyrirtækisins Virðingar hf. Með samruna stefnda og Virðingar hf. þann 18. nóvember 2017 tók stefndi yfir réttindi og skyldur þess fyrirtækis.

Í fyrrnefndri yfirlýsingu Guðmundar staðfestir hann að tiltekna greiðslur til tryggingar viðskiptum félagsins Velsældar ehf. við Virðingu hf., sem lagðar hafi verið inn til Virðingar í hans nafni rúmlega ári áður, hefðu átt að vera lagðar inn í nafni stefnanda og séu eign stefnanda, sem láni Velsæld ehf. peningana sem veð fyrir viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf. þar til annað verði ákveðið. Umræddar greiðslur eru sundurliðaðar í yfirlýsingunni, en þar er um að ræða 100.000.000 króna, sem inntar hafi verið af hendi 16. júlí 2007, 163.998 bresk pund, innt af hendi 16. maí 2007 og að lokum 363.000 bresk pund, innt af hendi 2. maí 2007. Af hálfu Virðingar hf. er staðfest í skjalinu að þessar greiðslur hafi komið inn til Virðingar „ehf.“ af reikningi

Guðmundar A. Birgissonar og ritað undir með skammstöfunum „F.R.Sig“ og „IK“. Þá er yfirlýsingin vottuð af „JK“ og tveimur öðrum nafngreindum vottum. Í gögnum málsins er staðfesting af hálfu Virðingar á því að á árinu 2007 hafi sömu fjárhæðir verið að finna sem tryggingagreiðslur á bankabók fyrir viðskiptavininn Velsæld.

Þegar yfirlýsingin var gefin út voru Guðmundur og Ingvar J. Karlsson eigendur stefnanda. Í kjölfar bankahrunsins 2008 urðu þeir báðir gjaldþrota, Guðmundur síðla árs 2013 og Ingvar snemma árs 2014. Skiptastjóri í þrotabúi Ingvars var skipaður Guðjón Á. Jónsson lögmaður, en vegna deilna um það hvort eignarhluturinn í stefnanda tilheyrði þrotamanni komst skiptastjórinn ekki að í stjórn stefnanda fyrr en í árslok 2018. Þá var unnið að uppgjörum stefnanda fyrir árin frá 2011 og til og með ársins 2016. Í uppgjöri fyrir árið 2011, sem gert var árið 2013, færði endurskoðandi stefnanda, Gunnar M. Erlingsson, sem nú er látinn, til afskriftar og gjaldfærslu þá fjármuni sem í fyrrnefndri yfirlýsingu eru sagðir eign stefnanda og voru í ársreikningi ársins 2008 sem gerður var á árinu 2011 eignfærðir hjá stefnanda með fjárhæðinni 171.197.877 krónum. Við úrvinnslu skattýfirvalda á innsendu uppgjöri vegna ársins 2011 var þessari afskrift og gjaldfærslu úr bókum stefnanda hafnað þar sem engar upplýsingar lágu fyrir um að þessir fjármunir væru í raun tapaðir. Áður hafði endurskoðandinn í bréfi til skattýfirvalda 6. apríl 2018 sagt að Virðing hf. hefði gengið að veði sem stefnandi hefði veitt Velsæld ehf. til að greiða tap þess félags. Stefnandi kveður engin gögn um það finnst í sínum fótum, eða aðrar upplýsingar um það hvaðan endurskoðandinn hafði umræddar upplýsingar.

Þáverandi fyrirsvarsmenn stefnanda leituðu í kjölfarið til stefnda um upplýsingar um afdrif fjármunanna, en ítarleg leit stefnda að slíkum upplýsingum hefur engan árangur borið. Með bréfi stefnda til skiptastjórans Guðjóns Á. Jónssonar, dags 21. júní 2021, upplýsti stefndi að hann teldi að lengra yrði ekki komist með málið, enda gætu allar kröfur sem stefnandi kynni að eiga á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 21. júlí 2008 ekki undir neinum kringumstæðum beinst að stefnda, auk þess sem slíkar kröfur væru jafnframt niður fallnar vegna tómlætis og fyrningar. Fram kom í bréfinu að stefndi hefði ekki ástæðu til að draga fyrrgreindar skýringar endurskoðandans í efa, þrátt fyrir að ekki hefði tekist að finna gögn þeim til staðfestingar. Ágreiningur málsins snýst um það hvort stefnda beri að standa stefnanda skil á umræddum fjármunum.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur Guðjón Ármann Jónsson lögmaður, Lilja Rut Jensen lögmaður, Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, og Guðmundur Albert Birgisson, nú varamaður í stjórn stefnanda.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi kveðst byggja á því að fjármunum þeim sem um er deilt í þessu máli hafi verið ætlað að vera til tryggingar viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf. Um þetta verði ekki deilt þar sem fyrir liggja skrifleg staðfesting þáverandi framkvæmdarstjóra Virðingar

hf., nú stefnda, á því að þessir fjármunir hafi verið móttæknir og séu til staðar. Vísað sé þar um til yfirlýsingar hans, dags. 21. júlí 2008, en tilgangur hennar hafi verið að staðfesta að fjármunirnir væru eign stefnanda en ekki Guðmundar A. Birgissonar. Fyrir liggi greiðslukvittun fyrir innleggi að fjárhæð 100.000.000 króna, dags. 16. júlí 2007, sem sé hluti þessara fjármuna og stefndi hafi staðfest á fundi með stefnanda að innleggsreikningurinn sé reikningur Virðingar hf. hjá Íslandsbanka. Greiðslukvittanir vegna þeirra greiðslna sem inntar hafi verið af hendi í formi breskra punda hafi ekki fundist, en til viðbótar við þá staðfestingu að hafa móttækið fjármunina sem felist í umræddri yfirlýsingu, hafi stefndi sent stefnanda tölvupóst, dags. 11. apríl 2011, þar sem innborganirnar hafi verið staðfestar, og hafi sent áramótastöðu til Guðmundar, dags. 31. desember 2007.

Í bréfi stefnda, dags. 21. júní 2021, gæti misskilnings um eðli málsins þar sem stefndi vísi til þess að hann telji að um sé að ræða peningalán til Velsældar ehf. Peningarnir hafi aðeins verið lánaðir sem trygging fyrir viðskiptum, eins og fram komi í yfirlýsingunni. Þannig hafi eignarhaldi peninganna hvorki verið afsalað né þeir lánaðir í formi peningaláns til Velsældar ehf. svo áhrif gæti haft á eignarrétt til þeirra. Fjármunirnir séu ótvíræð eign stefnanda og um þá gildi meginreglur eignarréttar og sú vernd þeirra sem kveðið sé á um í 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Stefndi hafi í engu getað lagt fram gögn um meðferð sína á fjármuninum, en á þeim tíma sem stefndi hafi tekið við þeim hafi hann starfað eftir opinberu leyfi sem verðbréfafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki hafi ekki heimild til þess að taka við innlánnum, sbr. c-lið 2. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Verði þannig ekki litið öðruvísi en svo á að fjármunirnir hafi verið veittir stefnda til vörslu í þeim tilgangi er yfirlýsingin beri með sér. Í því sambandi sé vísað til þess að dómstólar geri umtalsverðar kröfur til þess að fjármálastofnanir tryggi sér skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir tilvist veðréttinda, umfangi þeirra og ráðstöfunarheimildum að öðru leyti. Þá sé veðhafa skylt að annast peninga og hafa með þeim eftirlit á þann hátt sem nauðsyn krefji hverju sinni, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 75/1997. Veðhafi hafi ekki heldur heimild til að hagnýta sér hið veðsetta nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega. Ekkert í umræddri yfirlýsingu hafi gefið stefnda heimild til að nýta fjármunina í eigin þágu án frekari tilkynninga eða aðvarana til stefnanda, en stefnandi viti ekki til þess að gripið hafi verið til slíkra aðgerða.

Stefnandi hafi í ljósi opinbers eftirlits með starfsháttum stefnda átt að geta treyst því að fjármunirnir yrðu þar tryggilega varslaðir. Við sameiningu Virðingar hf. við stefnda hafi stefnandi enn fremur mátt ætla að fjármunirnir væru tryggir, enda sé stefndi fjármálafyrirtæki með enn ríkari heimildir til meðferðar fjármuna almennra fjárfesta. Stefnandi hafi enn fremur mátt treysta því að yrði gengið að þessum fjármunum á grundvelli þeirra tryggingarréttinda sem þeim hafi verið ætlað að veita yrði slíkt gert með

ábyrgum hætti og tilkynnt um það með formlegum hætti til stefnanda. Stefnandi kannist hins vegar ekki við slíkt. Stefndi, sem borið hafi ábyrgð á rétttri meðferð fjármunanna, hafi ekki séð sér fært að veita nokkur svör um ráðstöfun fjármuna stefnanda, þrátt fyrir ábyrgð hans sem veðhafa og vörsluaðila fjármunanna á að tryggja slíkar upplýsingar.

Telur stefnandi að stefndi, sem fjármálafyrirtæki, beri aukna ábyrgð á gagnavörslu um viðskipti viðskiptavina sinna, og sé lágmark að vistun skjala og gagna sé með þeim hætti að hægt sé að afla upplýsinga um ráðstöfun á nærri 200.000.000 króna, lengra aftur í tímann en lágmarksreglur laga nr. 90/2018 um persónuvernd, laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt, laga nr. 145/1994 um bókhald og laga nr. 94/2019 um endurskoðendur geri ráð fyrir. Þá taki þær reglur til uppgjör og geymsluskyldu gagna um uppgjör bankans sjálfs, en ekki annarra gagna sem hann geymi, svo sem upplýsinga um viðskipti sem eigi sér stað innan bankans.

Svör stefnda um að engin gögn finnist séu óviðunandi hjá fjármálafyrirtæki, enda standi stefnda nær en stefnanda að gera fullnægjandi grein fyrir meðferð þeirra fjármuna sem honum hafi verið falin umsjón með. Þá staðfesti fjöldi dómafordæma að í slíkum málum skuli fjármálastofnun bera allan halla af óvissu og sönnunarskorti.

Þá hafni stefnandi sjónarmiðum stefnda um fyrningu. Annars vegar sé um að ræða kröfu um afhendingu eignar sem varin sé eignarrétti og því sé engum fyrningarreglum hægt að beita í ágreiningnum. Hins vegar gildi um fjármunina þágildandi lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905, enda hafi fjármunirnir verið lagðir inn hjá stefnda árið 2007 og lög nr. 150/2007 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda hafi ekki tekið gildi fyrr en árið 2008. Í 2. gr. laga nr. 14/1905 komi fram að krafa á hendur landssjóði, banka eða sparissjóði um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu, fyrnist á 20 árum. Sé því ljóst að krafa stefnanda sé ekki fyrnd.

Varakrafa stefnanda sé byggð á því að verði komist að þeirri niðurstöðu að umræddir fjármunir lúti ekki reglum eignarréttar svo hægt sé að krefjast afhendingar þeirra sé þar með um kröfuréttindi að ræða og stefnda beri að endurgreiða fjármunina. Varakrafan byggist að meginstefnu til á öllum sömu lagarökum og sjónarmiðum og aðalkrafan, en á grundvelli kröfuréttar.

Vaxta sé aðeins krafist frá þingfestingardegi stefnu málsins, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefnandi vísi til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga, sem og laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá sé vísað til stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 75/1997 um samningsveð, sem og þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Málskostnaðarkrafa

byggist á 1. mgr. 130. gr. og 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um varnarþing vísi stefnandi til 33. gr. sömu laga.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

Stefndi kveðst ekki hafa undir höndum tiltæk gögn þar sem hann geti rakið nákvæmlega meðferð og notkun umræddra fjármuna, enda beri honum engin skylda til þess. Skattskyldum aðilum beri að geyma bókhald sitt, bókhaldsfylgigögn og önnur bókhaldsgögn, þ.m.t. gögn sem varðveitt séu á tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994. Sama regla verði leidd af lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, sbr. 17. gr. þeirra laga. Þannig hvíli engin skylda á stefnda til varðveislu gagna frá umræddum tíma vegna uppgerðra viðskipta. Yrði fallist á dómkröfur stefnanda væri á hinn bóginn verið að leggja slíka skyldu á herðar stefnda, sem og annarra í sambærilegri stöðu. Myndi það jafnframt þýða að lög og reglur um varðveislu bókhaldsgagna, og undirliggjandi gagna á borð við lána- og veðskjöl vegna uppgerðra lögskipta, væru í reynd nafnið tóm. Þá mæli persónuverndarsjónarmið einnig gegn varðveislu gagna umfram það sem lögskilyt sé.

Í yfirlýsingu Gunnars M. Erlingssonar, löggilts endurskoðanda stefnanda, dags. 6. apríl 2018, segi að Velsæld ehf. hafi tapað miklum fjármunum á framvirkum skiptasamningum og hlutabréfaviðskiptum. Til að greiða tap hjá Velsæld ehf. af þessum viðskiptum hafi Virðing hf. gengið að veði sem Eignarhaldsfélagið Skólalabú 1 ehf. hafi veitt Velsæld ehf. og leyst til sín vörslureikning félagsins sem stóð sem trygging fyrir viðskiptum Velsældar ehf. Hafi félagið talið að gjaldfærsla kröfunnar að fjárhæð 171.197.877 krónur væri að fullu frádráttarþær, enda ljóst að fjármunir þessir væru endanlega tapaðir á árinu 2010 og fengjust ekki endurgreiddir. Í samræmi við þetta hafi umrædd fjárhæð verið afskrifuð og gjaldfærð í skattframtali stefnanda vegna ársins 2011. Þá liggja jafnframt fyrir að ríkisskattstjóri hafi hafnað afskrift og gjaldfærslu „viðskiptakröfu að fjárhæð 171.197.877 kr. á innsendu skattframtali 2011“, einkum vegna skorts á fullnægjandi gögnum eftir því sem stefndi fái best ráðið. Það sé á ábyrgð stefnanda að færa sönnur fyrir því að yfirlýsing Gunnars um afdrif fjármunanna, sem ganga verði út frá að hafi ekki verið gefin í tómarúmi, sé ekki raunveruleikanum samkvæm, sbr. 71. og 72. gr. laga nr. 91/1991, en ekkert í ársreikningum þeirra félaga sem um ræði beri með sér að einhvers konar misfellur hafi átt sér stað. Allar líkur standi til þess að Virðing hf. hafi gengið að tryggingum, þ.e. umræddum fjármunum, sem voru í vörslum veðhafa samkvæmt því sem gögn málsins beri með sér og sett honum að veði, til tryggingar skuldbindingum Velsældar ehf. við Virðingu hf.

*Í fyrsta lagi* byggir stefndi á því að dómkröfur stefnanda fullnægi hvorki kröfum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 né meginreglum einkamálaréttarfars. Þær séu meðal annars því marki brenndar að innihalda tilgreiningu málsástæðna í andstöðu við það sem lög bjóði, ásamt því að þversagna gæti í orðalagi þeirra, og leiði það til frávísunar af sjálfsdáðum. Máltilbúnaður stefnanda samrýmist ekki því sem ráðið verði af skjallægum gögnum málsins, þ.e. að svo virðist sem stefnandi, eða Guðmundur A. Birgisson persónulega, hafi lánað Velsæld ehf. fjármuni sem Velsæld ehf. gat nýtt sem tryggingu. Af því leiði enn fremur að umfjöllun stefnanda um skyldur Virðingar hf. gagnvart stefnanda sem „veðsala“ o.fl. séu haldlausar. Geti engu breytt þó svo að í ársreikningi stefnanda vegna ársins 2008, sem gerður hafi verið löngu síðar, hafi þetta verið fært til bókar sem krafa á hendur Virðingu hf., en stefndi hafi heldur ekki undir höndum nein gögn eða vísbendingar um að þetta hafi verið fært til skuldar í bókum Virðingar hf.

*Í öðru lagi* séu veruleg áhöld um aðild til sóknar, og þannig að til sýknu leiði, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, eða til frávísunar af sjálfsdáðum vegna vanreifunar, en ósannað sé að stefnandi sé réttthafi umþrættra réttinda. Af orðalagi umræddrar yfirlýsingar að dæma, sem sé grundvöllur máltilbúnaðar stefnanda í öllum verulegum atriðum, virðist sem stefnandi, eða eftir atvikum Guðmundur sjálfur, hafi lánað Velsæld ehf. fjármuni sem Velsæld ehf. hafi afhent Virðingu hf. til tryggingar skuldbindingum Velsældar ehf. við Virðingu hf. Sömu ályktun megi draga af hvoru tveggja yfirlýsingu Gunnars M. Erlingssonar, löggilts endurskoðanda stefnanda, dags. 6. apríl 2018, sem og af tölvupóstsamskiptum á milli aðila, dags. 4. október 2007. Ummælum í stefnu um miskilning og að „verið sé að snúa hinu augljósa á hvolf“, sem og skýringum til stuðnings öndverðri niðurstöðu í stefnu, sé mótmælt sérstaklega, enda standist þau ekki skoðun. Ekkert standi því í vegi að lögskiptin, þ.m.t. kröfuréttarsamböndin, hafi verið með þeim hætti sem yfirlýsingarnar beri með sér. Samkvæmt þessu geti stefnandi ekki átt tilkall til þeirra fjármuna sem máltilbúnaður hans hverfist um, enda engu réttarsambandi til að dreifa á milli stefnanda og Virðingar hf., nú stefnda, samkvæmt umræddri yfirlýsingu, eða samkvæmt því sem gögn málsins beri að öðru leyti með sér. Í öllu falli sé slíkt ósannað. Þá standi upp á stefnanda að færa fram viðhlítandi útskýringar og gögn þar að lútandi, þvert á það sem gögn málsins beri með sér, en á það skorti verulega. Yfirlýsingin beri raunar með sér að Guðmundur hafi í eigin nafni staðið að þeim fjármagnstílfærslum sem um eigi að vera að tefla, en heilu ári síðar lýst yfir einhliða að fjármunirnir væru eign Eignarhaldsfélagsins Skólabrúar 1 ehf., en um það liggi hins vegar ekkert frekar fyrir í gögnum málsins. Standi jafnframt upp á stefnanda að útskýra þetta, m.a. að virtum eigna- og stjórnunartengslum stefnanda.

Þá standist illa skoðun sú staðhæfing stefnanda að á umræddu tímabili hafi staðið yfir uppgjör langs árabils hjá stefnanda, þar sem miklar sviptingar hafi verið gagnvart

eigendum þess, og þeir sem að rekstrinum komu hafi verið gjaldþrota og fjarlægir honum, með litla yfirsýn eða þekkingu á stöðu stefnanda. Skýr og ótvíræð tengsl, hvoru tveggja eignaleg og stjórnunarleg, séu á milli stefnanda og Velsældar ehf., sem nú hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, svo og fyrirvarsmanna þessara félaga. Þannig megi ráða af ársreikningum Velsældar ehf. vegna árunna 2007–2010 að Guðmundur A. Birgisson hafi átt 33% hlutafjár félagsins. Ingvar J. Karlsson hafi átt 67% hlutafjár árin 2008–2010, en 33% árið 2007, til jafns við Guðmund og Friðjón Rúnar Sigurðsson, sem verið hafi skráður eigandi 33% hlutafjárins það ár. Guðmundur sé einnig sambýlismaður núverandi fyrirvarsmanns stefnanda, Unnar Jóhannsdóttur. Af ársreikningum stefnanda frá árinu 2007 megi ráða að Guðmundur, eða aðilar tengdir honum, þ.e. sambýliskona og dóttir, svo og Ingvar, eða tengdir aðilar, hafi setið bæði í stjórn og verið eigendur eignarhlutar í stefnanda. Af ársreikningum Virðingar hf. verði jafnframt meðal annars ráðið að Ingvar og Friðjón hafi verið stærstu hluthafar Virðingar hf., Friðjón verið framkvæmdastjóri árin 2008–2014 ásamt því að Ingvar og Guðmundur sátu í stjórn félagsins að hluta, sem aðalmenn eða varamenn. Ekki verði horft fram hjá þeim augljósu tengslum sem séu á milli persóna og leikenda á því tímabili sem um ræði í málinu.

*Í þriðja lagi* verði við úrlausn sakarefnisins að gæta að þeirri meginreglu fjármunaréttar að fjármunir, sem afhentir séu fjármálafyrirtækjum, teljist að réttu lagi til kröfuréttinda en ekki eignarréttinda, nema því aðeins að þeir séu sérgreindir í vörslum hlutaðeigandi, en fjármunirnir séu ekki varslaðir hjá stefnda. Þá liggi engin gögn fyrir um hið gagnstæða, þ.e. að fjármunir séu sérgreindir stefnanda, að því er varði forvera stefnda. Hafi einhvers konar óheimil tileinkun eða nýting fjármuna átt sér stað myndi krafa vegna þessa að réttu lagi teljast skaðabótakrafa, enda hafi stefndi ekki „veðið“ undir höndum. Málið sé þó ekki rekið í þeim farvegi og sé ekkert við endurskoðun stefnda eða annarra sem málið varði, sem gefi tilefni til að ætla að pottur hafi verið brotinn.

*Í fjórða lagi* byggir stefndi á því að kröfur stefnanda, hvort heldur samkvæmt aðal- eða varakröfu, séu fallnar niður vegna tómlætis. Málavextir séu um ýmislegt á reiki, ekki síst vegna þess langa tíma sem sé liðinn frá þeim tíma er sakarefni málsins sé sprottið af. Á þeim drætti beri stefnandi einn ábyrgð, en stefnanda hefði verið í lófa lagið að tefla fram hvers konar meintum kröfum löngu fyrr. Öll meginskilyrði tómlætis séu þannig uppfyllt. Breyti engu í því samhengi þótt stefnandi haldi því fram að meint réttindi séu af eignarréttarlegum toga.

*Í fimmta lagi* byggir stefndi á því að kröfur stefnanda séu fyrndar, en miðað við forsendur málatalibúnaðar stefnanda telji hann sig í raun hafa lánað Virðingu hf. fjármuni vegna viðskipta Velsældar ehf. við Virðingu hf., en Virðingu hf. hafi verið óheimilt að taka við innlánnum. Teljist krafan því ekki til innláns, sbr. 4. gr. laga nr. 150/2007 og 2. gr. laga nr. 14/1905, heldur til láns í besta falli, en fyrningarfrestur peningalána sé 10 ár, hvoru tveggja samkvæmt eldri og yngri lögum um fyrningu, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 5. gr.

núgildandi laga um fyrningu nr. 150/2007, og 2. tölul. 4. gr. eldri laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Teljist upphafstími fyrningar jafnframt miðast við tímamark lánveitingar samkvæmt meginreglum kröfuréttar og lögum um fyrningu, sé ekki sýnt fram á annað. Þannig séu meint kröfuréttindi fyrnd, en stefndi fái heldur ekki séð að umræddir fjármunir hafi verið afhentir til geymslu í skilningi laga þannig að varnað geti fyrningu, enda hafi stefnda ekki verið falið að geyma eða varðveita fjármuni, t.d. á sérgreindum reikningi í nafni stefnanda. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna stefnda af hvers konar kröfum.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísi hann til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða**

Málsatvikum og ágreiningsefnum aðila er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram. Svo sem þar er rakið er ekki fyllilega upplýst um afdrif fjármuna sem Guðmundur A. Birgisson afhenti Virðingu hf. árið 2007 til tryggingar viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf., en í yfirlýsingu Guðmundar, dags. 21. júlí 2008, eru þeir sagðir hafa verið eign stefnanda. Báðir þáverandi eigendur stefnanda urðu gjaldþrota, Guðmundur A. Birgisson síðla árs 2013 og Ingvar Jónadab Karlsson snemma árs 2014. Skiptastjóri þrotabús Ingvars mun fyrst hafa komist að í stjórn stefnanda síðla árs 2018 og þá farið að leita svara um það hvað hefði orðið um fjármunina. Þá fundust hvorki fjármunirnir sjálfir, né nokkur gögn um afdrif þeirra.

Lilja Jensen, yfirlögfræðingur stefnda, kom fyrir dóminn og gaf vitnaskýrslu. Staðfesti hún að fjármunirnir væru ekki í vörslum stefnda. Lýsti hún atvikum á þann veg að frá því að haft var samband við stefnda vegna fjármunanna hefðu starfsmenn stefnda farið á stúfana innanhúss og leitað þeirra í öllum hornum. Gagnaleitin hefði hins vegar ekkert leitt í ljós. Þá hefði einnig verið rætt við þá starfsmenn stefnda sem hefðu verið starfandi hjá Virðingu hf. fyrir samruna Virðingar hf. og Kvikubanka hf., sem og þáverandi endurskoðendur stefnda, Virðingar hf. og Velsældar ehf. Ekkert þeirra samtala hefði leitt til neins sem gæti varpað frekara ljósi á málið en fram kæmi í gögnum málsins.

Af hálfu stefnanda var lagður fram ársreikningur stefnanda fyrir árið 2008, en í skýringum með ársreikningnum er skráð skammtímakrafa á hendur Virðingu hf. upp á 171.197.877 krónur. Ársreikningurinn er án endurskoðunar, en Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi, veitti aðstoð við gerð hans. Ekki verður séð að ársreikningurinn sé undirritaður, en við gerð ársreikningsins árið 2011 voru hluthafar í félaginu Ingvar J. Karlsson og Edda Sonja Guðmundsdóttir, dóttir Guðmundar A. Birgissonar, en þau áttu hvort um sig 50% hlutfjár. Engin gögn styðja þær upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum um kröfuna á hendur Virðingu, og þar sem hann er án endurskoðunar eða könnunar verður að líta svo á að í honum felist aðeins einhliða yfirlýsing stefnanda.

Sönnunargildi ársreikningsins verður því að meta með hliðsjón af 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar í máli nr. 921/2018.

Við úrvinnslu skattfirvalda á innsendu uppgjöri stefnanda vegna ársins 2011 var afskrift og gjaldfærslu hinnar bókfærðu kröfu hafnað með úrskurði ríkisskattstjóra dags. 4. september 2018. Við meðferð málsins fyrir dómi hafa engin þau gögn eða aðrar upplýsingar komið fram sem varpað geta ljósi á afdrif fjármunanna, umfram það sem þegar lá fyrir við úrvinnslu skattfirvalda. Hvorki stefnandi né stefndi hafa fært fullnægjandi sönnur fyrir því hvað varð um peningana eftir að þeir voru afhentir árið 2007 og er það óupplýst.

Það er grundvallarregla í réttarfari að sá sem heldur fram staðhæfingu um atvik máls, gegn mótmælum gagnaðila, beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Verður stefnandi samkvæmt því að bera hallann af sönnunarskorti um þessi atvik, enda þykir það hafa staðið stefnanda nær að hafa reiður á fjármunum sínum og útistandandi kröfum upp á hartnær 200.000.000 króna. Í því samhengi verður fallist á það með stefnda að honum ber ekki skylda til þess að geyma upplýsingar um uppgerð viðskipti lengur en í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Ber þá einnig til þess að líta að stefnanda hefði verið í lófa lagið að tefla fram kröfum sínum umtalsvert fyrr, en mikið vatn hefur runnið til sjávar frá gerð yfirlýsingarinnar í júlí 2008. Þannig líður riflega áratugur á milli þess sem fjármunirnir eru afhentir og þar til stefnandi gerir svo vitað sé reka að því að grennslast fyrir um afdrif þeirra. Breytingar á eignarhaldi stefnanda og stjórn í kjölfar gjaldþrots fyrrum eigenda félagsins réttlæta ekki þann verulega drátt sem hér um ræðir.

Ekki er unnt að líta fram hjá aðkomu Guðmundar A. Birgissonar annars vegar, og Ingvars J. Karlssonar hins vegar, beggja megin borðsins á tíma lögskiptanna. Þannig var Guðmundur meðal stofnenda stefnanda, ásamt Ingvari, formaður stjórnar til ársins 2014 og prókúruhafi. Þá sat Ingvar einnig í stjórn félagsins til ársins 2014. Voru þeir Guðmundur og Ingvar einnig á meðal stofnenda Velsældar ehf. og sátu í stjórn félagsins, Ingvar til ársins 2011, en Guðmundur til ársins 2020 þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Þá átti Ingvar 12,00% hlut í Virðingu hf. til ársins 2009, en 13,15% hlut frá þeim tíma og fram til ársins 2011, en Guðmundur sat einnig í stjórn Virðingar hf. á tíma lögskiptanna. Að þessu virtu voru hæg heimatökin fyrir stjórnendur stefnanda að fylgjast með því hvernig fénu var ráðstafað, en ekki verður fallist á þá staðhæfingu stefnanda að þeir sem að rekstrinum komu hafi verið fjarlægir honum, með litla yfirsýn eða þekkingu á stöðu stefnanda, svo að réttlætt geti tómlæti stefnanda.

Kröfur stefnanda til umræddra fjármuna á hendur stefnda byggjast einkum á margnefndri yfirlýsingu Guðmundar A. Birgissonar frá 21. júlí 2008. Í yfirlýsingunni segir orðrétt: „Guðmundur Albert Birgisson, kt. [...], staðfestir hér með að eftirtaldar greiðslur til tryggingar viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf. eru eign

Eignarhaldsfélags Skólabrúar 1 ehf., kt. [...], ásamt vöxtum og verðtryggingu af peningunum, þ.e. Eignarhaldsfélagið Skólabrú 1 ehf. lánar Velsæld ehf. peningana sem veð fyrir viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf., þar til annað er ákveðið.“ Af orðanna hljóðan verður ekki annað ráðið en að um hafi verið að ræða lán frá stefnanda, eða eftir atvikum frá Guðmundi A. Birgissyni, til Velsældar ehf., sem var lagt inn til Virðingar hf. til tryggingar viðskiptum á milli Velsældar ehf. og Virðingar hf. Af áritun af hálfu Virðingar á yfirlýsinguna verður ekkert ráðið um afstöðu fyrirtækisins til einhliða yfirlýsingar Guðmundar um að peningarnir væru eign stefnanda og hefðu átt að vera lagðir inn í hans nafni, heldur er einvörðungu staðfest að greiðslurnar hafi komið inn til Virðingar af reikningi Guðmundar.

Óumdeilt er að fjármunir þeir sem um ræðir í málinu voru lagðir inn til Virðingar hf., sem þá hafði ekki heimild til að taka á móti innlánnum. Fallist er á þau rök stefnda fyrir sýknu af aðalkröfu stefnanda að fjármunir sem afhentir eru fjármálafyrirtækjum teljast aðeins til eignarréttinda séu þeir sérgreindir í vörslum þess, en ellegar til kröfuréttinda. Í skýrslu sinni fyrir dóminum kvað Guðmundur A. Birgisson umrædda fjármuni ekki hafa verið lán, heldur hefði verið um að ræða fjármuni stefnanda sem hefðu farið inn til Virðingar hf. sem trygging í viðskiptum Velsældar ehf. við Virðingu hf., en þó verið eyrnamerkir stefnanda. Ekkert í málinu rennir stoðum undir þessa staðhæfingu. Þvert á móti benda gögn málsins eindregið til þess að fjármunirnir hafi verið varðveittir í nafni Velsældar ehf. Til marks um það er tölvupóstur, dags. 4. október 2007, með efnisorðinu „Velsæld“ þar sem Friðjón Þórðarson upplýsir af hálfu Virðingar hf. þá Friðjón Rúnar Sigurðsson og Guðmund A. Birgisson, stjórnarmann í Velsæld ehf., um bankabækur sem Velsæld noti í tryggingar. Í töfluformi segir þar: „Tryggingagreiðslur inni á bankabók, Viðskiptavinur Velsæld, GBP 526.998, ISK 100.000.000.“

Samkvæmt framangreindu bendir allt til þess að umræddir fjármunir hafi verið lánaðir til Velsældar ehf., af stefnanda eða eftir atvikum af Guðmundi sjálfum, og að lántakinn hafi sem veðsali veðsett þá veðhafanum Virðingu hf. til tryggingar í viðskiptum þeirra. Á því tímamarki sem lánsfé er afhent telst lánveitandi ekki lengur eigandi hinna eiginlegu fjármuna, heldur eignast hann við lögskiptin samsvarandi kröfu á hendur lántaka. Í þessu samhengi er þess að geta að Guðjón Á. Jónsson lögmaður lýsti fyrir hönd stefnanda vegna þessara lögskipta kröfu að fjárhæð 171.000.000 króna í þrotabú Velsældar ehf. með tölvupósti til skiptastjóra búsins þann 8. júlí 2020.

Að öllu framangreindu virtu er fallist á það með stefnda að stefnandi hafi hvorki sýnt fram á að hann sé réttihafi fjármuna sem stefnda beri að afhenda honum né hafi hann sýnt fram á að stofnast hafi til kröfuréttarsambands á milli aðila málsins vegna meðferðar umræddra fjármuna. Það er því álit dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að hann eigi þau réttindi sem málalíbúnaður hans byggist á, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála. Sökum aðildarskorts stefnanda ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála.

Í samræmi við þessa niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðinn er 800.000 krónur.

Dóminn kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Kvika banki hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Eignarhaldsfélagsins Skólalabúar 1 ehf. Stefnandi greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað.

Krístrún Kristinsdóttir (sign.)